

SAMÞYKKT

um notkun og hreinsun rotþróa á Austur-Héraði.

Gildissvið og almenn ákvæði.

1. gr.

Frárennsli sérhverrar húseignar á Austur-Héraði, sem ekki er unnt að tengja við hol-ræsakerfi, skal leiða gegnum rotþró og frekari hreinsun (alla jafnan siturlögn) samkvæmt ákvæðum samþykktar þessarar.

Húsráðendur og forsvarsmenn fyrirtækja eða stofnana eru ábyrgir fyrir því að fráveitur húsa á þeirra vegum séu í samræmi við lög og reglur þar um. Samþykki Heilbrigðiseftirlits Austurlands þarf fyrir nýjum og endurbættum fráveitum. Stærð, staðsetning og frágangur rotþróa er háð samþykki Heilbrigðiseftirlits Austurlands og úttekt byggingafulltrúa.

2. gr.

Austur-Hérað annast alla meðhöndlun seyru í sveitarfélaginu, þ.e. tæmingu rotþróa, ásamt flutningi og endurnýtingu eða förgun seyru frá íbúðarhúsnæði, sumarbústöðum, stofnunum og atvinnustarfsemi. Heilbrigðiseftirlit Austurlands annast eftirlit með starfseminni.

Bæjarstjórn er heimilt að fela öðrum aðilum framkvæmd verksins. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

3. gr.

Hreinsun rotþróa skal framkvæmd undir yfirstjórn sveitarfélagsins, sem sér um samskipti við þá aðila, sem málið varðar, svo sem vegna frágangs og förgunar eða nýtingar á seyru, í samræmi við reglugerð nr. 799/1999 um meðhöndlun seyru.

4. gr.

Rotþrær skulu tæmdar ekki sjaldnar en annað hvert ár, og skal húseigandi sjá um að greiður aðgangur sé með hreinsitæki að rotþrónni.

Gjald vegna hreinsunar.

5. gr.

Bæjarstjórn er heimilt að innheimta gjöld vegna hreinsunar rotþróa á vegum sveitarfélagsins, samkvæmt gjaldskrá sem sett er samkvæmt 5. mgr. 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar. Gjöld mega aldrei vera hærrí en sem nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu eða framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Gjöld skulu lögð á hverja fasteign, stofnun eða fyrirtæki sem nýtur framangreindrar þjónustu. Birta skal gjaldskrána í B-deild Stjórnatíðinda.

6. gr.

Heimilt er að innheimta aukagjald af þeim húseiganda, þar sem hreinsun rotþróa er óvenju kostnaðarsöm, einnig ef um sérstaka rotþró er að ræða við útihús eða þegar sérstakar aðstæður krefjast aukinnar hreinsunar. Gjald þetta skal þó aldrei vera hærrí en sem nemur sannanlegum kostnaði við verkið.

7. gr.

Bæjarstjórn getur felld niður eða veitt afslátt á gjaldi, þegar um er að ræða einstakling með takmarkaða greiðslugetu, ellilífeyrisþega o.s.frv. Sækja skal um afslátt eða niðurfellingu til bæjarstjórnar.

Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna tæmingar rotþróa eða meðhöndlunar seyru skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri við framkvæmdaraðila verksins. Telji viðkomandi sig ekki fá fullnægjandi úrlausn hjá sveitarfélaginu, getur hann skotið málinu til Heilbrigðiseftirlits Austurlands. Að öðru leyti fer um málsskot samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Mál út af brotum á samþykkt þessari eða gjaldskrá sem settar eru samkvæmt henni skal fara með sem opinbert mál.

9. gr.

Framangreind samþykkt bæjarstjórnar Austur-Héraðs staðfestist hér með, samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, og öðlast hún gildi 1. janúar 2003.

Ákvæði til bráðabirgða.

Eigendur þeirra húseigna sem ekki tengjast fullnægjandi rotþróum við setningu samþykktar þessarar hafa frest til 1. janúar 2004 til að uppfylla ákvæði hennar.

Umhverfissráðuneytinu, 11. desember 2002.

F. h. r.

Ingimar Sigurðsson.

Sigurbjörg Sæmundsdóttir.
AUGLÝSING

**um breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar
í landi Stafafells í Lóni, Sveitarfélaginu Hornafirði.**

Skipulagsskilmálar lóðar nr. 11.

Samkvæmt skipulags- og byggingarlögum nr. 73/1997, hefur bæjarstjórn Hornafjarðar þann 19. september 2002, samþykkt óverulega breytingu á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Stafafells í Lóni. Um er að ræða breytta skipulagsskilmála fyrir lóð nr. 11 og er breytingin sett fram í texta sem skilmálabreyting, dagsett 19. september 2002.

Breytingin hefur hlotið þá meðferð, sem skipulags- og byggingarlög mæla fyrir um.

Skipulagsstofnun hefur yfirfarið gögn málsins og gerir, í bréfi dagsettu 6. desember 2002, ekki athugasemd við að auglýsing um deiliskipulagsbreytinguna verði birt í B-deild Stjórnartíðinda.

Deiliskipulagsbreytingin öðlast þegar gildi.

Hornafirði, 10. desember 2002.

Hákon Valdimarsson, byggingarfulltrúi Hornafjarðar.